

Aðstandendur verði með í ráðum

Í dag verður málþing í Norræna húsinu þar sem fjallað verður um þjónustu við geðfatlaða utan hefðbundinna stofnana. Að mati Guðbjargar Sveinsdóttur, forstöðumanns Vinjar, er nauðsynlegt að samræma þá aðstoð sem í boði er.

MÁLÞING Málefni geðfatlaðra verða í brennidepli á málþingi um þjónustu við geðfatlaða utan stofnana sem fram fer í Norræna húsinu í dag. Að sögn Guðbjargar Sveinsdóttur, forstöðumanns Vinjar, athvarfs Rauða kross Íslands fyrir geðfatlaða, sem stendur að málþinginu í samvinnu við Félagsþjónustuna í Reykjavík, eru ýmis meðferðarúrræði í boði fyrir einstaklinga sem útskrifast af geðeildum. Vandinn, að hennar mati, er hins vegar að eftir er að kortleggja þá þjónustu sem í boði er og samræma starfsemi ólíkra aðila sem fást við málefni geðfatlaðra.

„Það sem vantar er ákveðin stefnumótun. Í dag eru heilbrigðisyfirvöld að fást við sína hluti og félagsmálayfirvöld sömuleiðis. Þá eru félagasamtök að gera sitt og Geðhjálp einnig auk Rauða krossins. Geðfatlaður einstaklingur sækir þjónustu og lyf á geðheilbrigðissviðinu. Hann þarf á venjulegri lækni-aðstoð að halda og sækir hana annars staðar. Þá býr hann í hús-næði á vegum einhverra af heim hjálparamtökum sem bjóða fram aðstoð, fær liðveislu hjá Félagsþjónustunni og svona mætti telja,“ segir Guðbjörg. Hún segir að skjólstæðingar kvarti gjarnan undan því að skortur sé á samþæfingu í starfi þessara aðila og sér fyrir sér að skipa mætti hóp sérfræðinga á þverfaglegum grunni sem hefði



MÁLEFNI GEÐFATLAÐRA

Mikilvægt er að hafa aðstandendur með í ráðum þegar unnið er að þróun nýrra meðferðarúrræða, að mati Guðbjargar Sveinsdóttur, forstöðumanns Vinjar.

yfirsýn yfir málefni hvers og eins.

Aðalfyrirlesari á málþinginu er Paul O'Halloran sem starfar hjá Sainsbury Centre for Mental Health á Bretlandi sem er miðstöð fræða, rannsókna og áætlanagerðar fyrir málefni geðfatlaðra. O'Halloran mun greina frá þróun og uppbyggingu starfseminnar ytra og samstarfi stofnunarinnar og breskra heilbrigðisyfirvalda sem hefur gengið vonum framár.

Guðbjörg segir að þátttaka að-

standenda skipti ekki síður máli þegar staðið sé frammi fyrir þróun og uppbyggingu nýrra meðferðarúrræða. Hún segir mikilvægt að koma upp tengslaneti og hafa notendur og aðstandendur með í ráðum þegar ákvarðanir eru teknar er varða framtíð þeirra. Þess má geta að málþingið stendur frá 13 - 17 en skráning fer fram hjá Rauða krossinum. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.

kristjangeir@frettabladid.is